

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 984

Dagsetning: 23. maí 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Elís Reynarsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir stöðuna fyrir ársfund HH 25. maí og aðra fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Bréf frá starfsfólki í Hvammi

Rætt um erindi frá starfsfólki í Heilsugæslunni Hvammi um stöðu svæðisstjóra.

3. Skipulag funda stjórnenda HH næsta vetur

Umræður um skipulag funda síðasta vetur og hver reynslan hefur verið af þeim. Opnað á umræður um breytingar á fyrirkomulagi funda á komandi vetri.

II. Efni til umræðu

4. Staða mönnunar og húsnæðis í Miðbæ og Grafarvogi

Rætt um erfiða stöðu mönnunar á heilsugæslustöðvum í Miðbæ og Grafarvogi og tengsl við húsnæðismál.

5. Upplýsingamiðstöð

Unnið er að því að fjölga hjúkrunarfræðingum, til dæmis með fólki sem er tilbúið að vera í fjarvinnu á landsbyggðinni. Einnig rætt um hvernig hægt verði að manna stöðu læknis á miðstöðinni.

6. Hólmsheiði

Rætt um hvernig hægt er að bæta verklagi nú þegar ákveðið hefur verið að auka starfshlutfall tveggja hjúkrunarfræðinga úr 50% eða 100%.

7. Heilbrigðisskoðun innflytjenda

Rætt um mönnun í Heilbrigðisskoðun innflytjenda.

8. Verkefnastjóri nýsköpunar í rafrænum lausnum

Fjallað um hugmynd um að ráða verkefnastjóra nýsköpunar í rafrænum lausnum. Möguleg lausn að gera þetta sem tilraunaverkefni til eins árs.

9. Verkefni næsta vetur

Rætt um hugmynd um að hafa miðlæga einingu fyrir beinþéttnimeðferð og innrennslismiðstöð. Málið verður rætt við stjórnendur um hvernig hægt er að styðja við stöðvarnar.

10. Launadeild

Rætt um starfsemi launadeildar, viðveru og svörun erinda.

11. Lyfjaróbotar í heimahjúkrun

Umræðum um málið er frestað til næsta fundar.

III. Efni til afgreiðslu

12. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 16. maí 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

13. Auglýstar stöður svæðisstjóra í heimahjúkrun

Auglýsing um stöðu svæðisstjóra í heimahjúkrun er í vinnslu.

Niðurstaða: Auglýsingin mun fara út sem fyrst.

14. Auglýstar stöður starfsnáms til sérfræðiréttinda

Auglýsingarnar eru tilbúnar og farnar út.

Niðurstaða: Upplýst verður um ráðningar þegar það er komið.

15. Auglýstar stöður hjúkrunarfræðinga eða ljósmæðra í framhaldsskólum

Auglýsingarnar eru tilbúnar og farnar út.

Niðurstaða: Upplýst verður um ráðningar þegar það er komið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:40